

Hjólréiðaping HRÍ 22. Febrúar 2022 kl. 14.00 - Fundargerð

1. Bjarni Már Svavarson setur þingið.
2. Kosið er í kjörbréfanefnd þar sem Hrönn Jónsdóttir og Örn Hrafnkelsson eru kosin.
3. Kosning þingforseta, Bjarni leggur til að Garðar Svansson verði kjörin þingforseti. Tillaga samþykkt af þingi.
4. Kosning fyrsta og annars þingritara. Björgvin Jónsson og María Sæmundsdóttir eru tilnefnd og samþykkt með lófaklappi.
5. Bjarni gefur skýrslu fráfarandi stjórnar.
6. Guðfinnur Hilmarsson gjaldkeri leggur fram skoðaða ársreikninga HRÍ fyrir starfsárið 2021.

Skoðunarmenn ársskýrslu voru Hannes A. Hannesson og Jón Kristinn Gunnarsson. Guðfinnur fer yfir helstu liði ársreiknings ársins 2021.

Spurningar úr sal vegna ársreiknings og umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar. Reikninga sambandsins og ársreikningar samþykktir með fyrirvara um mismun í efnahags-reikningi ársreiknings.

7. Kosning kjörnefndar fer fram og voru Hrönn Jónsdóttir, Helgi Berg Friðþjófsson og Jón Gunnar Kristinsson tilnefnd.
8. Næst lagði Bjarni fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Tillaga Bjarna þess efnis að hækka skuli félagsgjöld á hvern iðkanda félaganna sem hafa verið 2,500 kr. á hvern iðkanda í 3,000 kr. fyrir næsta ár var samþykkt með meirihluta greiddra aðila. Gjaldið kemur til með að vera innheimt með árgjöldum félaganna til HRÍ í árslok.

Ekki er lagt til breytingar á keppnisgjöldum sem er samþykkt af þinginu.

Fjárhagsáætlun næsta árs er rædd og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Bjarni fer því næst yfir allar tillagðar lagabreytingar sambandins.

- Breytingartillaga er lögð fram þess efnis að grein 8 breytist á þann veg að stjórn HRÍ skuli boða til formannafundar tvisvar á ári í stað þess að boðið sé til fundar þrisvar á ári.
- Tillaga að kosning kjörnefndar á hjólréiðapingi sé færð undir dagskrárliðs q) í stað þess það sé undir b) lið þingsins.

- Lagabreytingar í heild sinni eru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum og lög sambandsins eru þannig samþykkt.

10. Tillaga að breytingu reglna um flokkaskiptingu lögð fram. Miklar og langar umræður eiga sér stað.

Miklar umræður fór fram þar sem margir komu sínum skoðunum á framfæri á breytingartillögunni. Meðal annar svar beðið um útskýringar á því afhverju sambandið hafi verið að leggja fram þessa breytingartillögu á flokkaskiptingu. Bjarni svarar því til að rökin með reglu breytingunum sé einföldum keppnishalds og fækkun ráshópa sem einfaldar keppnishald og ætti að stuðla að aukinni liðakeppni innan móta. Hingað til hefur það þótt vera erfitt fyrir yngri iðkendur að komast inn í keppismót.

Bjarni leggur til að þessi tillaga stjórnar sé unnin áfram með mótanefnd og formönnum félaganna og að þar verði tillagan lögð fyrir fundinn til samþykktar. Fundurinn samþykkir þessa tillögu með meirihluta atkvæða. Allar innlagðar breytingartillögur og athugasemdir verða teknar með inn í þá vinnu.

11. Önnur mál

Fundarstjóri flytur okkur kveðju frá formanni ÍSÍ og framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Helgi Berg Friðþjófsson tilkynnir stofnfund nýs hjólréiðafélags, BMX Racing muni fara fram sunnudaginn 27. febrúar.

Formenn kjörnefndar kynna framboð í stjórnir HRÍ.

Einar Gunnar Karlsson formaður Tinds leggur til að komið verði á fót Dómaranefndar innan HRÍ.

Thomas Skov Jensen leggur fram tillögu þess efnis að kostnaður sá sem fellur til á keppendum vegna keppna erlendis verði framvegis með því fyrirkomulagi að sá kostnaðar

rammi sem er kynntur keppendum verði mun skýrari og að allur sá óútséði kostnaður sem fellur til meðan á keppni standi muni allur leggjast á sambandið í stað þess að óvissa um kostnað deilist á keppendurna sjálfa.

12. Kosningar til aðalstjórnar, varastjórnar og formanns.

Til framboðs í aðalstjórn eru Robert Farestveit frá Tindi, Hjalti G. Hjartarson frá Breiðablik og Björgvin Tómasson frá BFH. Kjörseðlum er dreift og frambjóðendur kynna sig og fyrir hvað þeir standa. Björgvin og Hjalti eru kosnir með samtals 24 atkvæðum hvor.

Kosning til varastjórnar. Þrír eru í framboði, þau Gunnlaugur Sigurðsson, Bjarti, Margrét Arna Arnardóttir, Tindi og Svanur Daníelsson frá Tindi og eru því sjálfkjörin.

Kosið til formans til eins árs. Aðeins einn er í framboði Bjarni Már Svavarsson og er hann því sjálfkjörinn.

Almenn og jákvæð umræða um hvernig megi efla sportið.

13. Hannes A. Hannesson og Gunnlaugur Þráinsson báðir Víkingi eru tilnefndir sem skoðunarmenn reikninga næsta árs og kosnir með lófataki.

Bjarni Svavarsson slítur þingi kl. 17.05.